

Nr. 089 / 10 Bliki SH 113

Stjórnvana og dreginn til hafnar

Skipaskr.nr. 6008
Smíðaður: Hafnarfirði 1978 plast
Stærð: 2,2 brl. 3,7 bt.
Mesta lengd: 7,43 m Skráð lengd: 7,33 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 0,7 m
Vél: Bukh 18 kW, 1993
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:

Gögn RNS



Bliki ©Jón Páll Ásgeirsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. júní 2010 var Bliki SH 113 á grásleppuveiðum norður af Hrúteyjarál á Breiðafirði. Veður; Logn.

Á veiðunum við Blikaskerin varð báturinn stjórnlaus og í ljós kom að stýrisblaðið hafði brotnað frá hællegunni. Formaður óskaði eftir aðstoð og Sturla SH 1 dró Blika SH til Stykkishólms.

Við rannsókn kom fram:

- að stýrisblaðið er slétt stálplata 48 x 36 sm að stærð og hefur sennilega verið 6 mm þykk í upphafi. Neðstu 10 sm voru sýnilega meira tærðir heldur en efri hlutinn og voru neðstu fimm sm komnir niður í 2 mm. Skörp skil eru á litarhætti neðri hluta stýrisins og var það nánast svart. Þessi litabreyting bendir til þess að báturinn hafi staðið í leirfjöru og þar sem sýrur hafi átt verulegan þátt í tæringunni;
- að þegar báturinn er ekki á sjó fellur undan honum á fjöru. Þá sekkur hann u.þ.b. hálft fet í leir.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er tæring í stýrisblaði sem líklega má rekja til mikils sýrustigs í leir.